

Rannsókn- og nýsköpunarhús risið á Akureyri

Rannsókn- og nýsköpunarhús við Háskólann á Akureyri (HA) var formlega opnað þann 22. október sl. Markmið með byggingu hússins er að við Háskólann á Akureyri verði byggð upp fyrsta flokks aðstaða fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum með möguleika á hagnýtingu fyrir hin ýmsu svið þjóðlífsins. Jafnframt að þar verði miðstöð rannsókna- og þróunarstarfs á Norðurlandi sem laði til sín frekari rannsóknatengda starfsemi. Við hönnun hússins var áhersla lögð á sveigjanleika vegna breytileika í starfseminni og jafnframt að það félli vel að umhverfinu og skapaði eina samstæða heild með öðrum byggingum HA á Sólborg.

Fyrirkomulag leigu húsnæðisins er þannig að stofnanir á vegum ríkisins leigja ákveðið húsnæði undir starfsemi sína en eigandi byggingarinnar leigir hluta hennar til sprotafyrirtækja eða undir aðra starfsemi sem nánar er tilgreind í samningsgögnum. Í þessum fyrsta áfanga byggingarinnar, sem nú er risinn, eru eingöngu

stofnanir á vegum ríkisins. Þær stofnanir sem mest fer fyrir í húsinu eru auðlindaeild HA, Akureyrarsetur Náttúrufræði-stofnunar, Upplýsinga- og tæknideild HA og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Gert er ráð fyrir að byggingin verði 7.500m² og verði reist í tveimur áföngum. Fyrri áfangi, sem nú er tekinn í notkun, er um 5.500 m². Byggingin er hátækni- og byggð með áherslu á að unnt verði að beita nýjustu tækni á öllum sviðum sem starfsemi stofnana hússins lýtur að. Möguleikar til nýtingar byggingarinnar eru margbreytilegir og var samvinna stofnana hússins og samnýting rýma höfð að leiðarljósi við hönnun og byggingu. Í þessum hluta byggingarinnar eru eingöngu opinberar stofnanir og hafa 115 manns hafið störf í húsinu auk fjölda nemenda sem stunda þar nám í raun- og lífvísindum. Það er von nefndar menntamálaráðherra um byggingu hússins að annar áfangi byggingarinnar verði byggður fljótlega með þátttöku svokallaðra sprotafyrirtækja. Sprotarymið er hugsað fyrir



Nýtt rannsókn- og nýsköpunarhús á Akureyri

nýsköpunarfyrirtæki í hátækni eða fyrirtæki sem geta boðið fram eftirsóknarverða þjónustu og kjarnastarfsemi fyrir háskóla- og rannsóknasamfélagið á Akureyri.

Uppbygging á Laugarvatni

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, var viðstödd undirritun samstarfsfyrirlýsingar um uppbyggingu og framkvæmdir við Gufubað og ylströnd á Laugarvatni þann 23. október sl. Fundurinn var fjölmennur en þar fluttu, ásamt menntamálaráðherra, ávörp Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, Friðrik Guðmundsson, formaður Hollvínasamtaka Gufubaðsins, Gunnar Þorgeirsson, formaður Samtaka sunnleikra sveitarfélaga og Sveinn Sæland, formaður sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Þá var á fundinum kynnt nýtt deiliskipulag og framtíðarsýn fyrir svæðið.

Í ávarpi sínu sagði menntamálaráðherra að fyrr á þessu ári hefði nefnd á vegum menntamálaráðherra, sem Drífa Hjartardóttir veitti forstöðu, skilað hugmyndum sínum um framtíðarskipulag Íþróttamiðstöðvar Íslands. Lagði nefndin til að gerður yrði samningur um frekari uppbyggingu og framgang miðstöðvarinnar með samstarfi menntamálaráðuneytis, Samtaka sunnleikra sveitarfélaga, Bláskógabyggðar og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Ráðherra ríjaði upp að menntamálaráðuneytið hefði ávallt tengst Laugarvatni sterkum böndum í gegnum Íþróttamiðstöð Íslands, Kennaraháskólann og Menntaskólann á Laugarvatni. Nú væri útilit fyrir að staða Laugarvatns myndi taka breytingum m.a. vegna áforma um endurreisn Gufubaðsins og væntanlegrar tilkomu Gíjabbkavegar. Fyrr á þessu ári gerði ráðuneytið samning við Hollvínasamtökin um afnot af lóð og mannvirkjum vegna áforma um uppbyggingu Gufubaðsins.

Núverandi hitaveita á Laugarvatni þjónar byggðinni vel en það er ljóst að til að einhver umtalsverð uppbygging geti átt sér stað þarf að virkja meiri jarðhita. Menntamálaráðuneytið hefur því fallist á beiðni sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um víðræður um boranir eftir meira vatni og um breytingar á rekstri veitunnar.

Til þess að hefta ekki vöxt og viðgang byggðarinnar á Laugarvatni er nauðsynlegt að endurskoða gildandi áætlanir og samninga um landnýtingu. Í því sambandi verður hins vegar einnig að gæta þess að skerða ekki olnbogarymi skólanna sem í upphafi voru – og eru raunar enn – meginstöð og forsenda þéttbýlisins hér við Laugarvatn," sagði menntamálaráðherra.

Úthlutun styrkja til menningarverkefna á landsbyggðinni

Auglýstir voru styrkir til skráningar og miðlunar menningarefnis á landsbyggðinni síðastliðið sumar í samráði við iðnaðarráðuneyti og sem hluti af áætluninni *Átak um menntun og menningu á landsbyggðinni*. Leitað var eftir verkefnum á vegum menningarstofnana á landsbyggðinni sem notuðu upplýsingatækni og netið til að miðla menningarefni til almennings. Alls er gert ráð fyrir þremur úthlutunum og var fyrsta úthlutunin á síðasta ári. Alls bárust 46 umsóknir í ár og sótt var um rúmlega 103 milljónir, en til ráðstöfunar voru tili milljónir. Að þessu sinni hlutu eftirtalin ellefu verkefni styrk:

- Menningarráð Austurlands hlaut 1.5 milljón króna styrk fyrir vef um samtíma myndlist í tengslum við fyrirhugaðan myndlistartvíværing.
- Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyjabæjar hlaut 1.5 milljón króna styrk til gerðar kortatengds menningarsöguvefs um Vestmannaeyjar.
- MT Metra hlaut 1.5 milljón króna styrk til gerðar margmiðlunarefnis um landnámsbæi og langskip í tengslum við fornleifauppgróft í Vestmannaeyjum.
- Sögufélag Borgarfjarðar hlaut 1 milljón króna styrk vegna gagnagrunns á neti um borgfirskar ættir og æviskrár.
- Minjasafnið á Akureyri hlaut 1 milljón króna styrk til gerðar margmiðlunarefnis á grunnri rannsókna á miðaldaverslunarstaðnum Gásam við Eyjafjörð.
- Strandagaldur á Hólmavík hlaut 1 milljón króna styrk til uppbyggingar á vefsvæði fyrir galdrasýningu á Ströndum.
- Byggðasafn Húnavtinga og Strandamanna hlaut 1 milljón króna styrk vegna verkefnis um skráningu og miðlun upplýsinga um strandmenningu og nýtingu hlunninda við Húnaflóa.
- Félag um Snjáfjallasetur hlaut 700 þúsund króna styrk til gerðar vefsvæðis um horfin býli og huldur vættir við Snjáfjallaströnd og Grunnnavíkursveit.
- Samgönguminjasafnið á Ystafelli hlaut 250 þúsund króna styrk til miðlunar ljósmynda úr samgöngusögu Íslendinga á vefsíðu safnsins.
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar hlaut 250

þúsund króna styrk til verkefnis um Svavar Guðnason listmálara.



Tvö að útskrifast með meistaraþrófsgráðu

Tveir deildarsérfræðingar námskrárdeildar ráðuneytisins luku framhaldsnámi og voru útskrifaðir með meistaraþróur þann 23. október sl. Ólafur Grétar Kristjánsson lauk MPA-námi í opinberri stjórnáslu frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Lokaverkefni hans til meistaraþrófs nefnist: *Löggilding iðngreina: dæmi um rentusókn eða vernd almannahagsmuna?*

Sesselja Snævarr hlaut M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfæðum frá framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands. Lokaverkefni hennar til meistaraþrófs ber heitið: „*Það er bara andinn hér í húsinu*“ *Nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum*. Auk þess að vera sjálfstætt verkefni til meistaraþrófsgráðu verður rannsóknin nýtt sem hluti af úttekt Rannís og menntamálaráðuneytis á sviði fræðslu- og menntamála sem áætlað er að ljúki um áramótin 2004/2005.

Það er fengur fyrir námskrárdeild að bæta við sig tveimur meisturum á einu bretti og ekki skemmir fyrir að bæði meistaverkefni snerta beinlínis víðfangsefni deildarinnar.

